

Fundur í skólaráði 11. desember 2013

Mættir: Ingibjörg Inga, Kristín Kristjáns, Gróa Erla, Kristján Pétursson, Þórhildur Ýr, Magnea Kristleifsdóttir, Haukur Birgisson og Freyja Pedersen,
Sigrún Kristjánsdóttir, Sigríður Sóley og Sólrún Halla komust ekki á fund.

- 1. Mál

Fjárhagsáætlun kynnt fyrir fundarmönnum. Hana átti að taka fyrir til annarrar umræðu í byggðarráði Borgarbyggðar 12.des. þannig að þær tölur sem hér eru skráðar geta tekið einhverjum breytingum.

Heildarupphæð til reksturs skólans er 392.361.626.

Til vörukaupa eru áætlaðar 18.096.500 og þjónustukaupa 127.875.004

Inn í þjónustukaupum er áætlaður kostnaður við skólaakstur 53.761.941 og

Húsaleiga eignasjóður er 53.495.740 og reiknuð afnot 4.781.760

- 2.mál

Ingibjörg gerði grein fyrir innleiðingu verkefnisins „Leader in me“ sem skólar í Borgarbyggð eru að innleiða í skólastarfið. Áætlað er að það taki þrjú ár og í upphafi fara allir starfsmenn á námskeið í byrjun janúar. Þó nokkrar breytingar þarf að gera á skólastarfinu dagana 6.,7. og 8. og 13.,14. og 15.janúar vegna þessa .

Verða þær með þeim hætti að allir nemendur á yngsta-mið-og unglingastigi munu vinna saman og fara milli deilda. Í upphafi verða yngstastigs nemendur á Hvanneyri, miðstignemendur á Varmalandi og unglingastignemendur á Kleppjárnsreykjum.

Í seinni lotu munu nemendur á yngsta stigi og miðstignemendur verða á Kleppjárnsreykjum, 7. bekkingar í skólabúðum á Reykjum í Hrutafirði og unglingastigið í skíðaferð í Bláfjöllum ef veður og færi verður gott.

Ef ekki gefur í Bláfjöll verður sett upp B plan fyrir unglingastigið.

Áætlað er að vera með dansnámskeið og kynningafulltrúar frá Skáksambandi Íslands verða með skákkennslu.

Búið er að gera öllum nemendum grein fyrir þessu breytta sniði á skólastarfinu ásamt því að sendar hafa verið upplýsingar til allra foreldra.

Nemendur eru spenntir fyrir þessum dögum og starfsmenn skólans sjá tækifæri á skemmtilegri samvinnu með nemendum allra deilda.

- 3. Mál

Starfið í skólanum

Fulltrúar voru inntir eftir því hvernig þeim þyki starfið ganga.

Foreldrafulltrúar vildu koma því á framfæri hversu ánægðir þeir væru með jákvæð skilaboð frá skólanum og þeim þætti upplýsingar frá umsjónarkennurum og skólanum góðar, með þeim hætti væri auðveldara að fylgjast með.

Nemendum finnst ganga vel og létu í ljós að gott væri að meiri samskipti væru milli nemendaráða deilda.

Kennarafulltrúar er einnig ánægðir, þeim finnst kennslan krefjandi verkefni og í mörg horn að líta og nemendahópurinn vera góður.

Fulltrúar annarra starfsmanna tóku í sama streng.

- Önnur mál

Þórhildur Ýr gerði grein fyrir því að hafa farið á fyrirlestur hjá Heimili og skóla ásamt Pétri Davíðssyni fulltrúa foreldrafélagsins, um tölvunotkun og tölvufíkn barna og unglunga.

Hún sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu alvarleg tölvufíkn getur verið.

Hún vildi koma því á framfæri að það væri hægt að fá fulltrúa Heimilis og skóla til að koma og vera með fyrirlestur í skólanum fyrir unglunga þessa efnis.

Fundarmönnum fannst það ákjósanlegt og nemendafulltrúarnir ætla að taka umræðu um þetta mál innan nemendaráðanna og láta vita hvort áhugi er fyrir því að fá fræðslu um þessi mál.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.